



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

stjornarradid.is

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður
B.t. Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarstjóra

Reykjavík 13. febrúar 2023
Tilv.: IRN22120126/7.20

Efni: Vegna umsóknar um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Vísað er til erindis Vesturbyggðar, dags. 2. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt var um framlag vegna framkvæmda við bæjarskrifstofur Vesturbyggðar.

Erindið var tekið til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi ráðgjafarnefndar þann 9. febrúar sl. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdirnar nemur 7.915.535 kr. Samkvæmt vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Vestfjarða geti numið 17.623.700 kr. Áður hafa verið veitt framlög að fjárhæð 8.150.728 kr. Því standa 9.472.973 kr. eftir.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 3.957.768 kr. miðað við helmingskostnaðarþáttöku Jöfnunarsjóðs.

Framlag þetta er veitt á grundvelli a-liðar 3. gr. reglugerðar 280/2021.

Áður en greiðsla framlagsins kemur til framkvæmda er vinsamlegast óskað eftir staðfestingu á áföllnum kostnaði við framkvæmdina.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson


Ragnar Ágúst Róbertsson